

Leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar

um eftirlit með fjármunum, uppgjöri og áritun endurskoðenda í tengslum við þátttöku Íslands í sameiginlegum þróunarverkefnum á sviði mannúðar og neyðaraðstoðar sbr. 8. gr. laga nr. 121/2008.

1. gr.

Taki Ísland þátt í þróunarsamvinnu, mannúðar- eða neyðaraðstoð, í ríkjum er standa utan OECD eða með frjálsum félagasamtökum þá gerir Ríkisendurskoðun eftirfarandi kröfur til meðferðar og vörslu fjármuna.

1. Gerður skal skriflegur samningur um öll verkefni. Samningnum þarf að fylgja verkefnisskjali þar sem fram kemur lýsing á verkefninu, verkáætlun og greiðsluáætlun. Enn fremur þarf að koma fram ítarleg lýsing á því hvernig greiðslur verða inntar af hendi og hvaða gögn þurfa að fylgja greiðslubeiðni. Samningurinn skal kveða á um heimild til þess að stöðva greiðslur til viðkomandi verkefnis og eftir atvikum krefjast endurgreiðslu eða hætta þátttöku í því, séu ekki gefnar fullnægjandi skýringar á ráðstöfun fjárfamlaga til þess.
2. Þegar um er að ræða styrki umfram 20 m.kr. skulu greiðslur áfangaskiptar eftir framgangi viðkomandi verkefnis. Að loknum hverjum áfanga skal gert stöðumat þar sem metið er hvort greiðslum hafi verið ráðstafað eins og til er ætlast og að verkefnið hafi fram til þessa skilað þeim árangri sem að var stefnt. Þetta skal gert áður en næsta áfangagreiðsla er innt af hendi. Samningur skal jafnframt innihalda ákvæði um endurskoðun ársreikninga á vegum hlutaðeigandi stofnunar/samtaka. Þegar um brýna neyðaraðstoð er að ræða er utanríkisráðuneytinu heimilt að víkja frá kröfu um áfangaskiptingu.
3. Samningar skulu innihalda kröfu um framvinduskýrslur og reikningsyfirlit verkefnis. Auk þess skal samningurinn kveða á um heimild stjórnvalda til að kanna eða endurskoða reikninga verkefnisins og/eða láta fara fram sjálfstæða skoðun á framvindu og fjárreiðum verkefnisins. Í samningi skal taka fram hvernig fara skuli með ráðstöfun framlaga þegar kostnaður við verkefnið reynist lægri en áætlað var.
4. Séu framlög einhverra samstarfsaðila, til styrktra verkefna, í öðru form en í beinum peningaframlögum s.s. verðmat á landi sem lagt er undir verkefni, áætlað verð hráefna, verðmæti vinnuframlags, stjórnunarkostnaður o.s.frv. skal mat á slíkum framlögum háð samþykki allra aðila sem þátt taka í viðkomandi verkefni.
5. Reikningsskil samstarfsaðila Íslands skulu árituð, annað hvort af opinberri endurskoðunarstofnun, sem er aðili að INTOSAI eða endurskoðunarfyrirtæki,

sem starfar skv. alþjóðlegum endurskoðunarstöðum (IFAC). Þegar um er að ræða styrki til smærri verkefna sem eru allt að 4 m.kr. er ekki gerð krafa til þess að löggiltur endurskoðandi áriti reikningsskil samstarfsaðilans eða framkvæmdaaðila verkefna heldur nægir að félagskjörinn skoðunarmaður hafi staðfest ársreikninginn.

6. Ef framkvæmdaraðili verkefnis er annar en sá sem gerði samning um framlagið við íslenska ríkið skal samstarfsaðilinn hafa sérstakan eftirlitsaðila með verkinu sem er óháður framkvæmdaraðila verksins. Skal eftirlitsaðilinn fylgjast með framgangi þess fyrir hönd þeirra er láta framlög af hendi rakna til verkefnisins og ganga úr skugga um að því fé sem veitt er til verkefnisins sé ráðstafað í þágu þess og samræmi við samninga þar að lútandi. Sé framkvæmdaraðili verkefnis með öflugt innra eftirlitskerfi með verkefnum þá er heimilt að byggja á því. Sá aðili sem móttetur fjármuni frá íslenska ríkinu er ábyrgur fyrir því að fénu sé ráðstafað í samræmi við gerðan samning þó svo að framkvæmdaraðili geti verið annar. Sá aðili sem móttetur styrk ber að tryggja að framkvæmdaraðili viðhafi vandaða fjármálastjórn á verkefninu og skili uppgjörum. Í verklok skal síðan gerð lokaúttekt af óháðum aðila.
7. Að öðru leyti skal taka mið af leiðbeiningum sem settar eru á vettvangi nefndar um þróunaraðstoð á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD Development Assistance Committee) um endurskoðun og fjárreiðueftirlit eftir því sem við getur átt hverju sinni.

2. gr.

Framlög Íslands til þróunaraðstoðar mega aldrei renna beint til opinberra starfsmanna erlendra ríkja í því skyni að greiða fyrir eða tryggja að þróunaraðstoð komist til skila, sbr. samþykkt Evrópuráðsins gegn spillingu (Civil Law Convention on Corruption CETS No. 174).

3. gr.

Framangreindar kröfur eru settar á grundvelli 8. gr. laga nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Leiðbeiningar þessar taka þegar gildi.

Ríkisendurskoðun, 30. júní 2015

